

Skólaráð Smáraskóla

Fundur skólaráðs haldinn í skólanum þriðjudaginn 7.nóv 2019 kl. 08:10-09:10.

Mætt: Börkur Vígþórsson skólastjóri stýrði fundi, Kristín Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð, Sólveig Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra, Valtýr Bergmann fulltrúi foreldra, Hrefna B. Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúi kennara, Berglind Brynjarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Eysteinn Pétur Lárusson fulltrúi grenndarsamfélags, Matthías Andri Hrafnkelsson fulltrúi nemenda (9.b) og Katla Kristinsdóttir fulltrúi nemenda (10.b).

Efni fundar;

- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa
- Þróun nemendafjölda og stækkun skóla
- Önnur mál

1. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa

- Börkur var með stutt innlegg um tilgang samræmdra könnunarprófa, sem er aðallega til að sjá stöðu nemenda og nota niðurstöður til að móta áframhaldandi áætlanir um nám og kennslu. Niðurstöður í 4.bekk gefa vísbendingar um að nemendur standi vel í íslensku og stærðfræði samanborið við landið. Niðurstöður í 7.bekk gefa til kynna að staða nemenda í íslensku og stærðfræði sé á pari við það sem gerist á landsvísu, en þó að framfarir þess árgangs í námi frá 4.bekk séu minni en væntingar standa til.
- Kennarar munu nota niðurstöður til að bæta nám og kennslu.
- Umræður um hvort breytingar séu heilt yfir á niðurstöðum samræmdra prófa, t.d. hvað varðar lesskilning, eftir tilkomu notkunar spjaldtölva í námi sl 5 ár. Alls kyns breytur eru hvað varðar prófin, t.d. að þau hafa sl ár verið tekin rafrænt í stað þess að taka þau á pappír eins og var áður.

2. Þróun nemendafjölda og stækkun skóla

- Börkur fór yfir upplýsingar um þróun íbúafjölda í Kópavogi og þróun nemendafjölda. Þrátt fyrir að íbúum hafi fjölgað í sveitarfélaginu hefur grunnskólanemendum ekki fjölgað. Fyrstu árin eftir stofnun Smáraskóla fjölgaði mikið og náði hámarki nemendafjöldi hámarki um 2002-2003 þegar ríflega 600 nemendur voru í skólanum. Árin 2014-2015 hafði hins vegar fækkað og þá voru nemendur um 345. Síðan hefur verið stígandi og nemendur í dag eru 422. Það er ljóst að það verður fjölgun í Smáraskóla en þó hægari en talið var, eða um 20-30 nemendur á ári.
- Ofangreint þýðir að endurskoða þarf með hvaða hætti og á hvaða hraða verður farið í viðbyggingu og úrbætur á skólahúsnæði Smáraskóla. Ljóst er þó að verulegra úrbóta er þörf á mótuneytisaðstöðu nemenda og starfsmannaaðstöðu.
- Umræða um að þörf sé á að huga að aðgengi að skólanum og bílastæðamálum tengt viðbyggingu. Einnig megi skoða þessi mál í stærra samhengi, hvað varðar svæðið hér í dalnum, Tennishöllina, Sporthúsið, Blikasvæðið, skólann og náttúruna í dalnum. Forðast „bútasam“ og horfa heildstætt á uppbyggingu svæðis, mannvirkja og umferðar, t.d. áætlaða varðandi Borgarlínu. Einnig þarf alltaf að huga að öryggi skólabarna í umferðinni.

3. Önnur mál

- Eysteinn bíður skólanum að nota fundaraðstöðu í Smáranum þegar hún er laus, geti það hentað fyrir fundi skólans (til að mæta þengslum í skólanum).
- Aukið samráð er af hinu góða. T.d. mætti skóla samráð Strætó og frístundavagna íþróttafélaganna til að þjónusta börn sem best, nýta fjármagn og auka öryggi. Ungmennaráð Kópavogs hefur fjallað um Strætó, þjónustu, hraða og öryggismál enda eru ungmenni mjög stór hluti notenda.
- Fyrirspurn um gangbrautarvörslu við skólann sem hefst kl. 8:10. Einhverjum foreldrum finnst þetta of seint og telja að það þurfi að byrja fyrr, þrátt fyrir að þetta sé sami tími og á fyrra skólaári. Börkur svarar því til að skólinn muni endurskoða þetta.
- Eftirlitsmyndavélar. Merkingar hafa verið settar upp við skólann. Myndefni má koma til lögreglu vegna rannsóknar mála ef rannsaka þarf möguleg tengsl við afbrot. Stjórnendur og umsjónarmaður mega skoða myndefni.
- Ytra mati á skólanum er lokið og drög að niðurstöðum liggja fyrir. Lokaskýrsla ætti að berast eftir ca mánuð og í framhaldi af því verður unnin umbótaáætlun út frá niðurstöðum.
- Viðburðir í skólastarfinu. Margt í gangi þessa dagana, t.d. Fjölgreindaleikar, Smárahreysti, skólahlaup, Dagur íslenskrar tungu, Fullveldishátíð, upphaf litlu og stóru upplestrarkeppninnar og fleira. Í tengslum við jólin hefur einnig verið hefð fyrir kirkjuferðum, að vinabekkir gangi saman til kirkju og eigi saman samverustund. Til umræðu er að hætta þessari hefð í skólanum og halda í staðinn annan viðburð sem tengist friði og ljósum. Töluverðar umræður um málið. Hugmynd að kynna þessar vangaveltur fyrir skólasamfélaginu og leyfa þessu að „gerjast“, taka ákvörðun síðar. Skemmtilegt að vinabekkirnir komi saman og geri þetta saman.
- Staðfest er að foreldrar eiga 2 fulltrúa í skólaráði (Valtýr og Guðlaug Harpa) og 1 fulltrúi kemur frá grenndarsamfélagi (Eysteinn frá Breiðablik).